

Undirritaðir Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til breytingartillögu við Aðalskipulagstillögu um stækkun Skógarhverfis. Lagt er til að fallið verði frá þeim áformum að fella út úr Aðalskipulaginu hótélreit við Garðavöll.

Greinargerð:

Í breytingartillögu Skipulags- og umhverfisráðs við Aðalskipulag Akraness 2005 – 2017 er lagt til að hótélreitir sem er á núverandi skipulagi sé felldur út. Rökin fyrir þeirri breytingu eru að engin framkvæmdaáform séu í kortunum og að áhugaverðari reitir fyrir uppbyggingu hótels á Sementsreit.

Nýlega hafa fjárfestar sýnt áhuga á því að reisa hótél við Garðavöll sem er einn vinsælasti Golfvöllurinn hér á landi og laðar á Akranes fjölda manns yfir sumarmánuðina. Það er okkar skoðun að áfram eigi að hafa í skipulagi kaupstaðarins möguleika á uppbyggingu á hóteli við Garðavöll sem mun ýta frekar undir ferðamennsku í tengslum við útivistarsvæði Akurnesinga við Garðavöll og Garðalund. Hótél við Langasand er líka góður kostur en það er ekki þannig að annað útiloki hitt að okkar mati.

Sign.

Einar Brandsson

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir

Þórður Guðjónsson